

Með tilkomu nýrra viðmiða fyrir nýbyggingar, *New buildings* útgáfu 4 sem tóku gildi snemma árs 2023 hefur verið tekin í notkun ný byggingarvörugátt sem nefnist SCDP, *Supply chain declaration portal*.

Ástæðan fyrir þessari nýju vörugátt er að öll gagnaskil eru að flytjast á rafrænt form hjá Svaninum og er búið að innleiða þá vinnu fyrir nýbyggingaviðmiðin. Skilin munu því eiga sér stað í gegnum vefgátt sem nefnist NEP, *Nordic Ecolabel Portal* sem umsækjendur fá aðgang að en þar geta þeir einnig leitað að skráðum og vottuðum vörum.

Hvernig fæ ég aðgang að SCDP?

Til að skrá vöru í SCDP þarf fyrst að fá aðgang. Það er gert með því að heimsækja [þessa](#) slóð og fylla út PoA (Power of Attorney). Inni á síðunni er valið **How to get started** > *Get login credentials* > *We have no "competent contact" person yet (Power of Attorney)* > *Power of Attorney form*.

Athugið að hvert fyrirtæki þarf einungis að fylla út PoA einu sinni ef annar starfsmaður úr sama fyrirtæki hefur áður sótt um aðgang að SCDP og skrifað undir PoA er valið **How to get started** > *Get login credentials* > *We have login but need more*.

Það getur tekið allt að tvo virka daga að fá aðgang að SCDP eftir að fyllt hefur verið út PoA en þegar það er komið skráið þið ykkur inn [hér](#)

Hvernig skrái ég vöru í SCDP?

[Hér](#) má nálgast ítarlegar leiðbeiningar sem fara í gegnum umsóknarferlið skref fyrir skref. Mikilvægt er að tilgreina réttan byggingarvöruflokk en þá leiðir kerfið þið áfram og dregur fram rétta "viðauka" sem þú fyllir út.

Nú mega bæði **framleiðendur**, **birgjar** og **söluaðilar** skrá vörur ef viðkomandi aðilar eru með allar upplýsingar um vöruna sem Svanurinn biður um.

Vörur sem eru skráðar í SCDP gilda fyrir allar útgáfur byggingarviðmiðanna, þ.e nýbyggingaviðmiðin útgáfu 3 og 4 og endurbótaviðmiðin útgáfu 1 og 2.

"Gamla" vörugáttin

Gamla vörugáttin eða HPP, *Hus Produkt Portalen* er ennþá í gildi á meðan umsækjendur eru enn að vinna í verkefnum sem fylgja **útgáfu 3**. Vörur sem skráðar eru inn á HPP eru þó einungis gildar fyrir útgáfu 3 í nýbyggingarviðmiðunum og útgáfu 1 í endurbótaviðmiðunum.

Vefgáttir í notkun

[NEP](#) vefgáttin er ætluð fyrir gagnaskil frá umsækjendum sem eru að votta byggingar. Umsækjendur skrá sig inn á sama stað og þeir skráðu sig inn á "gömlu" vörugátt Svansins, sem gildir fyrir nýbyggingarviðmiðin útgáfu 3. Þegar umsækjendur skrá sig inn sem skráðir eru í útgáfu 4 birtist annarsskonar viðmót sem gefur þeim færi á að skila inn gögnum.

SCDP vörugáttin er ætluð fyrir birgja, söluaðila og framleiðendur byggingarvara til að skrá vörur.

HPP vörugáttin þar sem leyfishafar geta flett upp og séð hvaða vörur eru skráðar og vottaðar fyrir nýbyggingarviðmiðin, útgáfu 3 og endurbótaviðmiðin, útgáfu 1.